



## Tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

### 92. fundur skóla- og frístundaráðs, 27. jan. 2016, sjá [fundargerð](#)

14. liður

#### **Vegna innleiðingar nýs námsmats í grunnskólum og gildistöku nýs einkunnakvarða við lok grunnskóla vorið 2016.**

Áheyrnarfulltrúi foreldra leggur til að skóla- og frístundasvið og skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar taki forustu og óski eftir frestun á gildistöku nýs námsmats við lok grunnskóla sem á að taka gildi vorið 2016. Þann 9. september og 25. nóvember á síðasta ári lagði áheyrnarfulltrúi foreldra fram fyrirspurn varðandi innleiðingu nýs námsmats í grunnskólum, hvort skóla- og frístundasviði væri kunnugt hver staðan væri varðandi innleiðingu í einstökum hverfum eða skólum borgarinnar. Ekki hafa borist svör við þeirri fyrirspurn, nú þegar skólaárið er hálfnað. Í mörgum grunnskólum í Reykjavík hefur nemendum og foreldrum lítt eða ekki verið kynnt hvaða viðmið verða notuð til að mæla árangur þeirra í vor við lok grunnskólans. Það er óásættanlegt gagnvart nemendum og foreldrum, alveg óháð þeirri miklu vinnu sem starfsmenn margra skóla hafa lagt á sig. Sumir kennarar hafa einmitt bent á það sem rök fyrir því að halda ótrauð áfram. En það verður hins vegar að gera þá kröfu að kerfið hafi hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi, ekki bara þeirra nemenda sem eru svo heppnir að vera í skólum þar sem vel hefur verið að þessu staðið. Það er afar ósanngjarnt fyrir útskriftarárganginn að haldið sé áfram meðan staðan er með þessum hætti. Það verður hreinlega að gera kröfu um það að það liggi skýrt fyrir í byrjun skólaárs hvernig úrfærslu námsmats verður háttað.

Krækja á [greinargerð](#).

Málinu var frestað .

Tillagan var tekin fyrir á 93. fundi þann 10. febrúar ([sjá fundargerð, 4. liður](#)) þar sem henni var hafnað.